

11. fundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima

4. desember 2013 kl. 8:15 – Nýheimum, Höfn í Hornafirði

Mætt voru:

Ragnhildur Jónsdóttir, formaður stjórnar
Eyjólfur Guðmundsson, varaformaður stjórnar, fundarstjóri
Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands
Árdís Erna Halldórsdóttir, Ríki Vatnajökuls
Vala Garðarsdóttir, Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Tinna Björk Arnardóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, ritaði fundargerð

Forföll boðuðu:

Fanney Björg Sveinsdóttir, SASS

Fjarverandi:

Þorvarður Árnason, Rannsóknarsetur HÍ

1. Drög að samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Komin drög að samningi frá Þórarni, þetta er samskonar samningur og hjá öðrum þekkingarsetrum. Farið yfir punkta um markmið og þau samþykkt.

2. Breytingar á stjórn

Davíð Kjartansson er hættur sem framkvæmdastjóri Ríkis Vatnajökuls og Árdís Erna Halldórsdóttir tekur við stjórnarsetu.

Fyrir hönd Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar situr Vala Garðarsdóttir í stjórn.

Fyrir hönd Náttúrustofu Suðausturlands situr Kristín Hermannsdóttir í stjórn.

Vigfús Ásbjörnsson hefur látið af störfum hjá MATÍS og ekki hefur verið ráðið í hans stað.

3. Kjör nýs gjaldkera

Árdís Erna Halldórsdóttir er einróma kjörin nýr gjaldkeri.

4. Önnur mál

Dropbox fyrir Nýheima hefur verið stofnað til að safna saman skjölum.

Fundi slitið kl.09:12